

## Þorbjörg Finnbogadóttir (1921-2008), húsmæðrakennari

2020/21

Þorbjörg Finnbogadóttir fæddist 15. apríl 1921 á Harðbak á Melrakkasléttu. Hún lést 26. apríl 2008 á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri.

Faðir Þorbjargar var Finnbogi Friðriksson f. 13. mars 1877, d. 8. maí 1944, bóndi og sjómaður á Harðbak á Melrakkasléttu. Móðir hennar var Guðrún Stefánsdóttir f. 11. september 1879, d. 26. júlí 1955, húsmóðir á Harðbak á Melrakkasléttu.

Þorbjörg átti tvo sammæðra bræður og fimm alsystkini. Sveitabærinn Harðbak var tvíbýli. Þar bjuggu móðir Þorbjargar, Guðrún og bróðir Guðrúnar, Guðmundur saman ásamt mökum sínum og börnum og þar ólst Þorbjörg upp.

Hún fluttist til Akureyrar og gekk þar í Húsmæðraskólann á Akureyri, fluttist síðan suður til að læra í Húsmæðraskólanum í Reykjavík og hóf þar nám 1946.

Þorbjörg starfaði lengst af í Húsmæðraskólanum á Akureyri en þegar hann var lagður niður 1984 þá hóf hún störf í Gagnfræðiskólanum á Akureyri og lauk þar sinni starfsævi.

Þorbjörg var ógift og barnlaus en í góðum tengslum við systkinabörn sín og fósturaði ungmenni m.a. frændsystkin sín sem fluttust til Akureyrar í menntaskólanám.

Afhending þessi barst frá bróðurdóttur Þorbjargar, Guðrúnu Sigurðardóttur, talmeinafræðingi á Akureyri en eldri afhending með skjölum Þorbjargar er 2012/76.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

24. júlí 2020

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

# Héraðsskjalasafnið á Akureyri

## Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
		<b>A-Þorbjörg Finnbogadóttir</b>	
		A-Þorbjörg Finnbogadóttir	1968- 1969
		<b>Þorbjörg Finnbogadóttir (1921-2008), húsmæðrakennari</b>	<b>2020 / 21</b>
2020 -	A/1 1	1968- 1969	Ritaðar minningar Þorbjargar frá námsleyfi skólaárið 1968-69.
			Ferð með Guðrúnu Sigurðardóttur til Danmerkur og Noregs